

## GJALDSKRÁ

### fyrir móttöku úrgangs í Kjósarhreppi.

## 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi nr. 30/2007, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir.

## 2. gr.

Fyrir hvern rúmmetra af úrgangi sem skilað er til endurvinnslu skal greiða 6.600 kr./m<sup>3</sup>, úrgangur til urðunar ber hærra gjald, 8.640 kr./m<sup>3</sup>. Um flokka úrgangs til endurvinnslu og gjaldskyldu fer samkvæmt eftirfarandi töflu:

Heiti	Einstaklingar kr./0,25 m <sup>3</sup>	Fyrirtæki kr./0,25 m <sup>3</sup>
Nytjahlutir, s.s. föt, skór, reiðhjól	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
<i>Pappír og pappi</i>		
Bylgjupappi	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Pappír og pappi	Gjaldfrjálst	1.650
<i>Plast</i>		
Plastumbúðir og annað plast	Gjaldfrjálst	1.650
<i>Önnur endurvinnslufni</i>		
Hjólbarðar	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Málmar	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
<i>Garðaúrgangur</i>		
Garðaúrgangur	1.650	1.650
Gras	1.650	1.650
Jarðvegur og uppgröftur	1.650	1.650
Trjágreinar	1.650	1.650
<i>Gler og steinefni</i>		
Bílrúður	1.650	1.650
Gifs og gifsplötur	1.650	1.650
Steinefni frá framkvæmdum	1.650	1.650
<i>Timbur</i>		
Húsgögn o.þ.h.	Gjaldfrjálst	1.650
Húsgögn úr timbri	Gjaldfrjálst	1.650
Málað timbur frá framkvæmdum	1.650	1.650
Ómálað timbur frá framkvæmdum	1.650	1.650
Vörubretti, kassar o.þ.h.	1.650	1.650
<i>Almennur heimilisúrgangur og grófur úrgangur</i>		
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h.	Gjaldfrjálst	2.160
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	2.160	2.160
Pressanlegur úrgangur frá framkvæmdum	2.160	2.160
Kælitæki	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Lítill raftæki	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Ljósaperur	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Rafgeymar	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Rafhlöður	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Skjáir	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Spilliefni	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Stór raftæki	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
Tölvur, prentarar og símar	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst

*Móttökuskilmálar:*

- a. Úrgangur skal vera flokkaður við skil á endurvinnslustöð í samræmi við móttökuskilyrði.
- b. Rúmmálsminnkun úrgangsins þýðir lægri kostnað vegna gjaldskylds úrgangs, betri nýtingu gáma, minni akstur og minni umhverfisáhrif.
- c. Æskilegt er að farmar séu ekki stærri en 2 m<sup>3</sup> til að tryggja flæði innan stöðvanna.
- d. Gjaldskrá endurvinnslustöðva skilgreinir fyrir losun hvaða úrgangsflokka er innheimt gjald.
- e. Gjald miðast við stærð farms og er greitt eftir rúmmáli.
- f. Grunneining er 0,25 m<sup>3</sup> og miðast lágmarksgjald fyrir gjaldskyldan úrgang við þá einingu.
- g. Gjaldið hleypur á 0,25 m<sup>3</sup> (0,25 m<sup>3</sup>, 0,5 m<sup>3</sup>, 0,75 m<sup>3</sup>, 1 m<sup>3</sup> o.s.frv.).
- h. Gjaldfrjáls úrgangur verður gjaldskyldur, ef magn er umfram 2 m<sup>3</sup>.

Dæmi: 3 m<sup>3</sup> = 2 m<sup>3</sup> x 0 kr. + 1 m<sup>3</sup> x 6.600 kr. = 6.600 kr.

Ef úrgangur er gjaldskyldur þá reiknast hver rúmmálseining umfram 2 m<sup>3</sup> tvöfalt.

Dæmi: 3 m<sup>3</sup> = 2 m<sup>3</sup> x 6.600 kr. + 1 m<sup>3</sup> x 13.200 kr. = 26.400 kr.

Úrgangur til urðunar ber hærra gjald, 8.640 kr./m<sup>3</sup>. Með þessari tilhögun gjaldtöku er reynt að fá gjaldendur til að flokka úrgang.

*Afgreiðsluferli:*

1. Starfsmaður tekur á móti viðskiptavini í hliði við komu á endurvinnslustöð. Viðskiptavinur gerir grein fyrir úrgangstegundum sem komið er með á stöðina.
2. Greitt er fyrir gjaldskyldan úrgang eftir rúmmáli, sé um slíkan úrgang að ræða.
3. Úrgangur er losaður í viðeigandi gáma samkvæmt leiðbeiningum starfsmanns.

*Samþykkt í hreppsnefnd Kjósarhrepps, 7. október 2020.*

**Karl Magnús Kristjánsson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2020